# Stormsveipurinn í Hvíta húsinu. Auðvaldstækniræðið

„Ég trúi því staðfastlega, að Guð sé okkur hliðhollur," sagði Donald Trump á samkomu með kristilegum stuðningsmönnum (evangelicals) sínum."

Benjamin Netanyahu er sömuleiðis sannfærður um, að fjöldamorð hans séu framin með Guð blessun. Hann er reyndar eftirlýstur glæpamaður af Alþjóðaglæpadómstólnum (International Criminal Court) og því ætti að handtaka hann í Bandaríkjunum. En Dónaldur kærir sig kollóttan.

Þessu geðvilltu öðlingar hittust um daginn í Washington. Eins og menn kynnu að muna, sagði Dónaldur fyrir skemmstu, að Bensi-barnamorðingi væri „kolsvartur tíkarsonur" (með orðum Jeffrey Sachs).  Sá síðarnefndi lét hins vegar út úr sér við athöfnina, að Dónaldur væri besti vinur Ísraela á forsetastóli Bandaríkjanna fyrr og síðar.

Heimsins börn urðu síðar vitni að mergjaðri sýningu með þessum tveim aðalleikendum. Það brá svo við, að Dónaldur las frá handriti, svo mikið lá greinilega við. Boðskapurinn kom Barnamorðingjanum eftirminnilega á óvart: Bandaríkjamenn ætla að taka við Gaza, búa íbúum eða föngum þess heimili annars staðar og reisa nýja Rívíeru.

Samtímis sendir Dónaldur farma af 2000 punda djúpsprengjum og öðrum hergögnum til Ísraels og styður við bakið á ísraelska varnarhernum við hernám á Vesturbakkanum og í Sýrlandi.

Það má ráða af orðum Dónalds, að bandaríski herinn verði sendur til að þurrka út Hamas á Gaza. Áður hefur hann farið í leiðangra þangað til að frelsa gísla. Allir vita, hvernig það fór.

Á heimavígstöðvum fer Dónaldur um eins og hvítur stormsveipur. Einn hluthafanna, Elon Musk, fer fyrir hópi tölvuungliða og gerir hverja atlöguna á fætur annarri að bandaríska ríkisbákninu.

Árásin á Alþjóðaþróunarskrifstofu Bandaríkjanna (U.S. Agency for International Development Office - USAID), hefur vakið töluverða athygli (nema í RÚV). Skrifstofa þessi hefur starfað í nánu sambandi við Leyniþjónustu Bandaríkjanna (Þjóðarsjóð í þágu lýðræðis - National Endowment for Democracy), Varnarmálaráðuneytið (Pentagon) og Utanríkismálaráðuneytið – jafnvel Heilbrigðismálaráðuneytið.

Það er nú með óyggjandi hætti staðfest, hvernig bandarísk stjórnvöld eða djúpríkið í Bandaríkjunum hefur kollsteypt ríkisstjórnum, starfað á þeim, skapað ringulreið og uppreisnir, hagrætt kosningum, stundað áróður, hryðjuverk og veiruhernað, fjármagnað áróður, mútað fjölmiðlum, dómurum og stjórnmálamönnum, greitt þeim styrki og laun.

Sá hæst launaði er líklega Volodymyr Zelensky með 11 milljónir dala á mánuði. Svo varla er ástæða fyrir Þorgerði Katrínu að senda honum kaupauka frá íslenskum skattgreiðendum, jafnvel þótt þeir hafi bökin breið.

Upplausn er vígorðið, enda hefur USAID starfað náið með svokölluðum „ópinberum félagasamtökum“ (non-governmental organizations) með rándýrið, George Soros, í broddi fylkingar – og Bólusetninga Bill Gates auðvitað. Sjálft alheimsstjórnarhreiðrið, Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum), þótti einnig verðugt styrkja frá bandarískum skattgreiðendum.

Eins og væntanlega rennur upp fyrir fólki smám saman hefur þessi skemmdarverkastarfsemi einnig átt sér stað á vettvangi náinna tengsla, fjölskyldu, samskipta kynjanna og kynsins sjálfs.

Nicholas Rockefeller benti einum viðmælanda sinna á tilgang sjóða ættarinnar með því að fjármagna (ásamt fleiri auðkýfingum) kvenfrelsunarhreyfinguna; að fjölga skattgreiðendum (með meiru).

Í þessu ljósi er fróðlegt að skoða styrkveitingar í sambandi við kynafbrigðileika; tvær milljónir dala til kynbreytinga og aðgerðahópa „lesbía, homma, tvíkynhneigðra og kynskiptinga“ (LGBT) í Gvatemala; 7.9 milljónir til að þjálfa blaðamenn á Sri Lanka til að forðast „tvíkynja“ tungutak; 1.1 milljón til LGBT hópa í Armeníu; 1.5 milljón til sams konar hópa á Djamæka; 6.3 til að stuðla á kynlífi karla með körlum í Suður-Afríku; 5.5 milljónir til LGBT aðgerðasinna í Úganda.

Svona mætti lengi telja, en skondnustu styrkveitingarnar eru þó líklega til útgáfu gamanhefta fyrir kynskiptinga, söngleiks í þágu fjölbreytni, sanngirni og meðveru (inngildingar – DEI) og kynskiptingaóperu.

Þessar uppljóstranir eru allar þakkarverðar, enda þótt mörg afrekanna séu þekkt. Þær gefa þó ekki tilefni til að álykta, að nú ætli stjórnvöld í Bandaríkjunum að gerast friðvænleg. Sjónhverfingar eru þeirra ær og kýr.

En það má ekki gleyma því, að veröld USAID var ekki svört/hvít. Stofnunin sinnti líka lofsverðum verkefnum, sbr. styrki til Hjálparstofnunar Sameinuðu þjóðanna í þágu

Palestínu (United Nations Relief and Works Agency for Palestine – UNRWA), sem rekið hefur meira eða minna gerviríki Palestínumanna og haldið lífi í föngum stærstu fangabúða veraldar, Gaza. Án hjálpar hennar eru íbúunum allar bjargir bannaðar.

Í flóði yfirlýsinga, tilskipana, ólögmætra aðgerða í stjórnkerfinu, óþingræðislegra vinnubragða og fjandsemi í garð annarra þjóða, er erfitt að varast þeirri hugsun, að fámennisstjórn eða auðvaldsræði (oligarchy, technocracy) milljarðamæringanna sé sífellt að taka á sig skýrari mynd, samtímis því að lögð eru drög að endanlegri, efnahagslegri kollsteypu Bandaríkjanna með óhjákvæmilegum óeirðum og jafnvel stríði.

https://www.youtube.com/watch?v=2ADl7Yec84M&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=5

https://utvarpsaga.is/heimsmalin-usaid-fjarmagn-sem-atti-ad-fara-i-neydaradstod-rann-til-lyfjarisa/?fbclid=IwY2xjawIR4INleHRuA2FlbQIxMQABHauOtNgyG4jUESvneklxLCig6HFfMnvaLODxekRKpsC6811vFFrFNjiUBw_aem_6LLat5e17iNl4A2_YZnkrA

https://expose-news.com/2025/02/06/usaid-gave-gates-soros-and-wef-billions-of-dollars/?jetpack_skip_subscription_popup

https://www.globalresearch.ca/president-trump-obsession-tariffs-economic-ruse-political-blackmail/5879249

https://www.globalresearch.ca/american-carnage-establishment-military-dictatorship/5879189

https://21stcenturywire.com/2025/02/04/usaid-a-casualty-of-political-power-plays/

https://alexkrainer.substack.com/p/the-hidden-hand-monstrous-conspiracies?utm_source=post-email-title&publication_id=1063805&post_id=156456111&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://gilbertdoctorow.com/2025/02/04/the-trump-tariffs-as-seen-from-teheran-press-tv-interview/

https://gilbertdoctorow.com/2025/02/04/the-big-picture-the-ideological-program-of-trump-that-unifies-all-his-domestic-and-foreign-initiatives/

https://21stcenturywire.com/2025/02/04/netanyahu-set-for-a-tete-a-tete-with-trump-on-gaza-ceasefire/

https://responsiblestatecraft.org/trump-netanyahu/?ct=t(RSS_EMAIL_CAMPAIGN)&mc_cid=c310cf529b&mc_eid=ae33554485

https://expose-news.com/2025/02/05/dismantling-of-usaid-is-a-critical-blow-to-globalism/?jetpack_skip_subscription_popup

https://steigan.no/2025/02/soros-bill-gates-og-usaid-som-melkeku/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.globalresearch.ca/trump-all-in-stealing-gaza-zionist-owners/5879138

https://michaeltsnyder.substack.com/p/the-trump-revolution-has-thrown-the?utm_source=post-email-title&publication_id=1520363&post_id=156497788&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.msn.com/en-us/news/world/of-the-billions-in-questioned-usaid-spending-millions-went-to-fund-terrorism/ar-AA1ytBjD?cvid=73a42c0f54234efedc0ec933731801d7&ei=7

https://michaeltsnyder.substack.com/p/the-mainstream-media-will-never-recover?utm_source=post-email-title&publication_id=1520363&post_id=156563278&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://americanmilitarynews.com/2018/11/millions-of-us-tax-dollars-knowingly-went-to-terror-groups-from-charities-pentagon-says/#google_vignette

https://steigan.no/2025/02/norsk-bistand-er-djupt-involvert-med-usaid-og-burde-vaert-satt-under-administrasjon/

https://rumble.com/v6gzeqj-usaid-corruption-21-trillion-missing-and-the-end-of-the-us-global-empire.html

https://www.globalresearch.ca/trump-oligarchic-dysfunctional-disruptive-global-economy/5879132

https://www.youtube.com/watch?v=Y8AydnrWcUk&list=UUDkEYb-TXJVWLvOokshtlsw&index=13

https://www.youtube.com/live/BpknDttlh3E

https://search.wikileaks.org/?query=National+Endowment+for+Democracy&exact_phrase=&any_of=&exclude_words=&document_date_start=&document_date_end=&released_date_start=&released_date_end=&include_external_sources=True&new_search=True&order_by=most_relevant#results

https://steigan.no/2025/02/wikileaks-har-publisert-over-45-000-dokumenter-om-den-lyssky-aktiviteten-til-usaid/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://michaeltsnyder.substack.com/p/thanks-to-doge-we-have-been-learning?utm_source=post-email-title&publication_id=1520363&post_id=156572330&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email